

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um ökupróf.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvenær er áætlað að bjóða út framkvæmd ökuprófa en núverandi samningur rennur út 1. apríl nk.?
2. Er fyrirhugað að endurskoða það fyrirkomulag sem nú er viðhaft við framkvæmd ökuprófa, þ.e. að aðeins einn aðili annist prófin?
3. Hverjar eru meginástæður þess að starfsemi tengda ökuprófum þarf að reka með sérleyfi?
4. Hver er aðkoma Samkeppniseftirlitsins að núverandi fyrirkomulagi og hvernig er eftirliti háttáð með verðlagningu á ökuprófum?

Skriflegt svar óskast.